

207. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólms hélt fund fimmtudaginn 22. desember 2005 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Rúnar Gíslason, forseti bæjarstjórnar, RG
Elísabet Lára Björgvinsóttir, ELB
Eypór Benediktsson, EB
Dagný Þórisdóttir, DÞ
Sigurborg Sturludóttir varamaður, SS
Davíð Sveinsson, DS
Guðmundur Kristinsson, GK
Erla Friðriksdóttir, bæjarstjóri EF
Guðmundur Andrésson, fundarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund og stýrði.

1. Fundargerðir bæjarráðs.
 - 1.1. Fundargerð bæjarráðs nr. 400, dags. 8.12.2005.
Fundargerðin er í 17 tölusettum liðum.
Liður nr. 3.3. lóðarumsóknir.
Afgreiðsla bæjarráðs staðfest samhljóða.
Liður nr. 9. Bréf leikskólastjóra varðandi stöðugildi.
Afgreiðsla bæjarráðs staðfest samhljóða.
Liður nr. 10. Uppsögn leigusamninga.
Afgreiðsla bæjarráðs staðfest samhljóða.
Liður nr. 11. Kosning í stjórn Félagsheimilis Stykkishólms hf.
Afgreiðsla bæjarráðs staðfest samhljóða.
Liður nr. 12. Erindi SDS varðandi starfskjaranefnd.
Afgreiðsla bæjarráðs staðfest samhljóða.
Til máls tóku síðan EF, DÞ, GK.
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
 - 1.2. Fundargerð bæjarráðs nr. 401, dags. 16.12.2005.
Fundargerðin er í 17 tölusettum liðum.
Liður nr. 1.2. Fundargerð hafnarnefndar.
Til máls tóku GK, EF, RG, DS, DÞ.
Afgreiðsla bæjarráðs staðfest samhljóða.
Fundargerðin samþykkt samhljóða.

Liður nr. 1.4. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar.
Allir tóku til máls.
Liður 2 í fundargerðinni. Afgreiðslu á deiliskipulagi sem kemur fram í fundargerðinni frestað og ákveðið að vinna málið frekar með arkitekt.
Samþykkt með 6 atkvæðum, Guðmundur sat hjá.
Liður 3 samþykkt samhljóða að auglýsa deiliskipulagstillögu að athafnarsvæði við Birgisborg.
Liður 5 samþykktur samhljóða.

Liður 6. umsókn um lóð við Bókhöðustíg hafnað.

Liður 8. afgreiðslan samþykkt.

Liður 10. afgreiðslan samþykkt.

Liður 11.a. Bæjarstjóri lagði fram reglur um úthlutun lóða fyrir íbúða og atvinnuhúsnæði. Málið rætt ítarlega og síðan samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

Liður nr. 2.2. Afgreiðsla bæjarráðs staðfest samhljóða.

Liður nr. 3. Afgreiðsla bæjarráðs staðfest samhljóða.

Liður nr. 4. Afgreiðsla bæjarráðs staðfest samhljóða.

Liður nr. 6. Afgreiðsla bæjarráðs staðfest samhljóða.

Liður nr. 7. Vinnuhópur vegna flutnings Amtbókasafnsins.

Allir tóku til máls. Tilnefning í vinnuhóp til að vinna að flutningi Amtbókasafnsins í nýtt húsnæði, Grétar D. Pálsson, Guðrún Anna Gunnarsdóttir og Davíð Sveinsson. Bæjarstjóri og forstöðumaður Amtbókasafnsins starfa með nefndinni. Samþykkt samhljóða.

Liður nr. 8. Erindi Símenntunar Vesturlands. Afgreiðsla bæjarráðs staðfest samhljóða.

Liður nr. 10. Til máls tóku SS, EB, EF. Afgreiðsla bæjarráðs staðfest samhljóða.

Liður nr. 11. Samningur við Landvernd um Vistvernd í verki. Afgreiðsla bæjarráðs staðfest samhljóða.

Liður nr. 12. Samþykkt samhljóða að hefja undirbúningsvinnu að byggingu nýrrar flotbryggju fyrir smábáta og skútur.

Liður nr. 15. Afgreiðsla bæjarráðs staðfest samhljóða.

Til máls tóku síðan EF um lið. 13.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

2. Fundargerðir nefnda.

2.2. Fundargerð fræðslunefndar, dags. 12.12.2005.

Til máls tók ELB. Fundargerðin afgreidd samhljóða.

2.2. Fundargerð hafnarnefndar, dags. 13.12.2005.

Sjá afgreiðslu í lið 1.

2.3. Fundargerð safna- og menningarmálanefndar, dags. 5.12.2005.

Fundargerðin afgreidd samhljóða.

2.4. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags. 14.12.2005.

Sjá afgreiðslu í lið 1.

2.5. Fundargerð skólanefndar tónlistarskóla, dags. 7.12.2005.

Til máls tóku ELB, SS, RG. Tillaga um greiðslu prófagjalda samþykkt samhljóða. Fundargerðin afgreidd samhljóða.

2.6. Fundargerð stjórnar Ljósmyndasafns Stykkishólms, dags. 13.12.2005.

Til máls tóku DS, EF, RG. Fundargerðin afgreidd samhljóða.

- 2.7. Fundargerð stjórnar Félagsheimilis Stykkishólms, dags. 16.12.2005.
Fundargerðin afgreidd samhljóða.
- 2.8. Fundargerð æskulýðs- og íþróttanefndar, dags. 24.11.2005.
Fundargerðin afgreidd samhljóða.
3. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2006 fyrir Stykkishólmsbæ og stofnanir hans, seinni umræða. **Bæjarstjóri fór yfir breytingar á fjárhagsáætluninni frá fyrri umræðu. Nokkrar umræður urðu síðan, allir tóku til máls. Fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2006 síðan samþykkt samhljóða.**

Fundargerðin upplesin og samþykkt.
Fundu slitið kl. 21:00
Guðmundur Andrésson, fundarritari